

Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 940/2018 um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um vátryggingastarfsemi og vátryggingasamstæður.

1. gr.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1630 frá 9. september 2016 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar málsmæðferðarreglur sem fylgja skal við beitingu á umbreytingarráðstöfuninni fyrir undireiningu hlutabréfaáahættu í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2018 frá 23. mars 2018, skal gilda hér á landi. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 85/2018 frá 20. desember 2018, [bls. 187-189](#). Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2018 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 6 frá 30. janúar 2020, [bls. 41](#).

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 1. mgr. 103. gr. laga um vátryggingastarfsemi, nr. 100/2016, og öðlast þegar gildi.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 7. júlí 2021.

F. h. r.

Guðrún Þorleifsdóttir.

Hjörleifur Gíslason.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.